

Svar

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um bann við notkun á nónýlfenól-etoxylátum (NFE) í hreinsiefnum.

1. *Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir tilmælum OSPAR-samningsins um að stöðva notkun á nónýlfenól-etoxylátum (NFE) í hreinsiefnum?*

Málefnið hefur verið til athugunar í ráðuneytinu en það tengist m.a. samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Hollustuvernd ríkisins hefur kynnt helstu notendum NFE hér á landi tilmæli OSPAR-samningsins. Evrópusambandið lagði 16. ágúst sl. fram drög að 26. breytingu á tilskipun nr. 76/769/EEB, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna hættulegra efna og efnablandna, þar sem lagt er til að markaðssetning og notkun nónýlfenóls og nónýlfenól-etoxyláta verði bönnuð í hreinsiefnum og á fleiri notkunarsviðum. Þessi tillaga (skjal COM (2002) 459 Final), sem verið hefur í undirbúningi frá 2000, er gerð í kjölfar áhættumats þar sem metin voru óæskileg áhrif þessara efna á umhverfi og heilsu. Ekki er líklegt að ákvæði væntanlegrar tilskipunar taki gildi í Evrópusambandinu fyrr en í fyrsta lagi eftir tvö ár. Því er til skoðunar hvort sett skuli reglugerð fyrir hér á landi áður en gengið verður frá málinu hjá ESB. Ef svo fer verður bannið einhliða og verður þá að tilkynna það samkvæmt ákvæðum EES-samningsins. Þá getur reglugerðin í fyrsta lagi tekið gildi þremur mánuðum eftir tilkynninguna, þ.e. hreyfi aðildarríkin ekki andmælum en annars lengist tíminn. Byggist þessi málsmeðferð á því að um er að ræða reglugerð sem felur í sér tæknilega viðskiptahindrun.

2. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að notkun NFE verði bönnuð með reglugerð líkt og sumar nágrannaþjóðir okkar hafa gert?*

Misjafnt er til hvaða ráða nágrannaþjóðirnar hafa gripið til að takmarka notkun nónýlfenól-etoxyláta. Í löndum þar sem hefð er fyrir frjálsum samkomulagi við iðnaðinn, svo sem í Danmörku og Svíþjóð, hefur náðst góður árangur í því að takmarka notkun þessara efna með samningum án frekari afskipta hins opinbera. Önnur lönd, svo sem Noregur, hafa gripið til þess ráðs að banna nónýlfenól-etoxylöt og fleiri svipuð efni í hreinsiefnum. Setning reglugerðar með hliðstæðum hætti og í Noregi er til athugunar í ráðuneytinu í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

3. *Hefur umfang innflutnings á NFE og vörum sem innihalda NFE verið kannað?*

Heildarumfang notkunar nónýlfenól-etoxyláta hefur ekki verið kannað. Þekkt er þó að efnin eru til staðar í einhverjum mæli í vörum á markaði. Erfitt er að kanna heildarumfang innflutnings á vörum sem innihalda nónýlfenól-etoxylát, enda er mikið af hreinsiefnum á markaðinum og breytilegt hvaða vara er á boðstólum hverju sinni. Nónýlfenól-etoxylát, sem er ójónuð sápa, fellur í sama tollflokk og fjöldi af öðrum ójónuðum sápum. Hollustuvernd ríkisins hefur gert tilraun til að meta magn nónýlfenól-etoxyláts í tilbúnum sápuvörum. Efnin finnast tæpast lengur í vörum frá helstu viðskiptalöndum okkar innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) vegna sameiginlegs átaks stjórnvalda og iðnaðar og/eða banns stjórnvalda.

Í sápuvörum frá Bandaríkjunum er meira um nónýlfenól-etoxyllöt, en innflutningur þaðan er mjög lítill í magni talið. Í innlendum sápuíðnaði er notkun nónýlfenól-etoxyllata á undanhaldi og eru efnin nú nær eingöngu notuð í tjöruleysa fyrir bíla, þ.e. þá gerð tjöruleysa sem í er terpentína. Dregið hefur úr þessari notkun og er Hollustuvernd ríkisins aðeins kunnugt um einn framleiðanda sem enn notar nónýlfenól-etoxyllöt í framleiðslu sinni. Snyrtivörur bæði frá löndum innan EES og Bandaríkjunum eru lausar við nónýlfenól-etoxyllöt. Nónýlfenól-etoxyllöt voru einnig notuð sem hráefni í málningarframleiðslu í litlu magni en eru horfin þaðan að mestu leyti.

4. Hafa umhverfisyfirvöld á Íslandi efnt til samstarfs við fulltrúa atvinnulífsins til þess að stöðva notkun á NFE?

Umhverfisstjórnvöld hafa ekki gert formlegt samkomulag við fulltrúa atvinnulífsins um að hætta notkun nónýlfenól-etoxyllata. Hollustuvernd ríkisins hefur þó eins og áður hefur komið fram verið í beinu sambandi við sápuframleiðendur sem eru stærstu notendurnir og upplýst þá um tilmæli OSPAR-samningsins (PARCOM recommendation 92/8 on Nonylphenol-Ethoxylates) og hefur það m.a. skilað umræddum árangri. Einnig hefur stofnunin upplýst innflytjendur um tilmælin og lagt að þeim að stöðva innflutning vöru sem í eru nónýlfenól-etoxyllöt. Unnið er að því nú að reyna að ná til allra innflytjenda og framleiðenda og kanna hversu mikið af hreinlætisvörum á markaði inniheldur nónýlfenól-etoxyllöt. Aðgerðir í framhaldi af því taka mið af niðurstöðu þessarar könnunar.